

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja.

1. gr.

18. gr. reglugerðarinnar breytist þannig:

- a. Ákvæði 18.00 (1), sem kveður á um skilgreiningar, verður svohljóðandi:

Akstursmæling: Aðferð til að mæla hljóðstyrk frá ökutæki á ferð skv. EB-tilskipun nr. 2007/46 með síðari breytingum.

Kyrrstöðumæling: Aðferð til að mæla hljóðstyrk frá kyrrstæðu ökutæki skv. EB-tilskipun nr. 2007/46 með síðari breytingum.

Mengandi efni í útblæstri: Kolsýrlingur (CO), kolvetni (HC) köfnunarefnisoxýð (NO_x), ryk (sót).

- b. Ákvæði 18.10 (14) verður svohljóðandi:

Hljóðdeyfibúnaður fyrir útblástur frá hreyfli bifreiðar telst vera fullnægjandi ef ákvæði EB tilskipunar nr. 2007/46 með síðari breytingum eru uppfyllt. Takmörkun hljóðstyrks frá bifreið telst vera fullnægjandi ef viðkomandi ákvæði sömu tilskipunar eru uppfyllt.

2. gr.

Viðauki II við reglugerðina breytist þannig:

Tilskipun 70/157/EBE fellur brott í fyrstu línu í töflu sem kveður á um kröfur um búnað ökutækja og aðferðir til að sýna fram á að þær séu uppfylltar, sbr. 3. gr. reglugerðarinnar.

3. gr.

Viðauki III við reglugerðina breytist þannig:

Tafla undir fyrirsögninni „bifreiðar og eftirvagnar“:

- a. 2. töluliður við tilskipun 70/157/EBE fellur brott.
b. Í tölulið 45 zx (í reitinn „Reglugerðarákvæði“) bætist við: 18.00 (1), 18.10 (14).

4. gr.

Viðauki IV við reglugerðina breytist þannig:

Tafla undir fyrirsögninni „bifreiðar og eftirvagnar“:

- a. 2. töluliður við tilskipun 70/157/EBE fellur brott.
b. Í tölulið 45zx við tilskipun 2007/46/EB (í reitina „síðari viðbætur“, „Stjórnartíðindi EB“ og „EES-birting“), kemur:

540/2014/ESB	L 158, 27.5.2014	Birt í EES-viðbæti nr. 63, 15.10.2015, bls. 974.
2015/166/ESB	L 28, 4.2.2015	Birt í EES-viðbæti nr. 63, 15.10.2015, bls. 582.

- c. Í tölulið 45zza við tilskipun 611/2009/EB (í reitina „síðari viðbætur“, „Stjórnartíðindi EB“ og „EES-birting“), kemur:

2015/166/ESB	L 28, 4.2.2015	Birt í EES-viðbæti nr. 63, 15.10.2015, bls. 582.
2015/562/ESB	L 93, 9.4.2015	Birt í EES-viðbæti nr. 63, 15.10.2015, bls. 619.

- d. Í tölulið 45zcc við tilskipun 1003/2010/ESB (í reitina „síðari viðbætur“, „Stjórnartíðindi EB“ og „EES-birting“), kemur:

2015/166/ESB	L 28, 4.2.2015	Birt í EES-viðbæti nr. 63, 15.10.2015, bls. 582.
--------------	----------------	--

- e. Í tölulið 45zzh við tilskipun 109/2011/ESB (í reitina „síðari viðbætur“, „Stjórnartíðindi EB“ og „EES-birting“), kemur:

2015/166/ESB	L 28, 4.2.2015	Birt í EES-viðbæti nr. 63, 15.10.2015, bls. 582.
--------------	----------------	--

- f. Í tölulið 45zzi við tilskipun 458/2011/ESB (í reitina „síðari viðbætur“, „Stjórnartíðindi EB“ og „EES-birting“), kemur:

2015/166/ESB	L 28, 4.2.2015	Birt í EES-viðbæti nr. 63, 15.10.2015, bls. 582.
--------------	----------------	--

- g. Í tölulið 45zzp við tilskipun 347/2012/ESB (í reitina „síðari viðbætur“, „Stjórnartíðindi EB“ og „EES-birting“), kemur:

2015/562/ESB	L 93, 9.4.2015	Birt í EES-viðbæti nr. 63, 15.10.2015, bls. 619.
--------------	----------------	--

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 60. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 29. janúar 2016.

F. h. r.

Sigurbergur Björnsson.

Rúnar Guðjónsson.